

Gátlisti fyrir símatúlkun hjá LLS (Language line solution)

Saman gegn ofbeldi

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Dags.6. mars 2019/Joanna Marcinkowska og Halldóra Gunnarsdóttir

Símatúlkun er hentug fyrir stutt samtali. Hún er líka hentug fyrir túlkun þegar viðkomandi málsamfélag er lítið á Íslandi þar sem túlkur úr því málsamfélagi er líklegur til að þekkja þann sem túlka þarf fyrir. Það geta verið tilvik þar sem enginn túlkur býðst á Íslandi fyrir viðkomandi tungumál og notast þarf við símatúlkun óháð því hvort samtalið er langt eða stutt.

Gátlisti yfir atriði sem gott er að hafa í huga þegar símatúlkun er notuð:

- Skapa þægilegar aðstæður þegar það býðst.
- Gefa viðmælendum nafnspjald með nafni/símanúmeri/tölvupósti.
- Spyrja hvaða tungumál viðkomandi talar eða hvaða tungumál er talað heima.
- Nota lista yfir tungumál ef það þarf, **Language Identification Card**, (er í möppunni).
- Nota aðstoð á skiptiborði LLS ef skjólstæðingur er ólæs og getur ekki gert grein fyrir því hvaða tungumál hann talar á máli sem þú skilur. LLS er með tungumálagreiningu.
- Vera með leiðbeiningar á blaði til að styðjast við ef þarf, .t.d. leiðbeiningar um ferlið sjálf, orðalista (orðalistar enska/íslenska og íslenska/enska og algengar setningar á ensku/íslensku er tengjast ofbeldi, (er í möppunni).
- Taka fram að viðskiptavinurinn sé hjá viðkomandi (ef svo er). Það er einnig hægt að biðja um túlkun og láta hringja í viðkomandi.
- Taka fram að þú sért að hringja frá Íslandi – túlkabjónustan er staðsett í Bretlandi.
- Kynna þig fyrir túlkinum með nafni og segðu frá hvernig síma þú notar t.d. **single/dual handset, speaker phone or mobile**.
- Biðja túlk um að kynna þig og sig fyrir viðmælenda og spurðu fyrstu spurningarinnar. Þannig gerir þú ljóst að samtali sé hafið.
- Ávarpa viðmælenda og beindu orðum til hans en ekki til túlksins/að símanum.
- Tala skýrt og nota einfalt mál, eina til þrjár setningar í einu.
- Láta vita hvenær samtali er búið.
- Hafa í huga að það gæti verið erfitt fyrir túlk að nota nafn á stofnunum og götum á Íslandi.
- Láta viðmælenda fá skriflegar upplýsingar um það hvar viðkomandi eigi að mæta næst ef það er framhald af málinu, t.d. útprentað kort af lögreglustöðinni.